

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2024.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1091 - 728. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta). Hér er um að ræða frumvarp sem byggist á tillögum starfshóps heilbrigðisráðuneytis um skilgreiningar á fjarheilbrigðisþjónustu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er því ætlað að skilgreina fjarheilbrigðisþjónustu sem er ört vaxandi hluti almennrar heilbrigðisþjónustu og því mikilvægt að setja lagastoð undir þjónustuna. Frumvarpinu er ætlað að skýra og samræma hugtakanotkun um fjarheilbrigðisþjónustu og mismunandi þætti hennar þannig að stuðlað sé að sameiginlegum skilningi á eðli, eiginleikum og nýtingarmöguleikum. Fjarheilbrigðisþjónusta er sannarlega til þess fallin að nýta betur mannaúð, efla samvinnu milli stofnana og landssvæða, auka hagkvæmni, gera þjónustu aðgengilega óháð búsetu og stuðla að nýsköpun. Notkunarmöguleikarnir eru fjölmargir og ávinningur af árangursríkri innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu er ótvíræður fyrir sjúklinga, heilbrigðisstarfsfólk, heilbrigðisstofnanir og samfélagið í heild.

Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum í heilbrigðisþjónustu og hafa líkt og aðrar heilbrigðisstéttir tileinkað sér fjarheilbrigðisþjónustu á undanförmum árum sem snýr að stafrænum heilbrigðislausnum, fjarkennslu, fjarsamráði, fjarvöktun, rafrænni forgangsflokkun, geymslu og miðlun rafrænna heilbrigðisgagna, myndsamali, starfænum snjalllausnum og velferðartækni.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður fram komið frumvarp og tekur undir mikilvægi þess að setja ákvæði um fjarheilbrigðisþjónustu í lög um heilbrigðisþjónustu og veita þannig lagastoð fyrir þjónustunni. Félagið telur mikilvægt að benda á eftirfarandi atriði í frumvarpinu:

1. gr. a. Fjarsamráð og d. Netspjall og hjálparsími.

Að mati félagsins er mikilvægt að það komi fram í lögnum eða reglugerð að ekki sé leyfilegt að nota almennan tölvupóst til að senda viðkvæmar, persónugreinanlegar upplýsingar eða til að veita fjarheilbrigðisþjónustu. Það er fagnaðarefni að fjarheilbrigðisþjónusta sé skilgreind í lögum og embætti landlæknis skuli vera falið að koma með tilmæli um framkvæmd. Þó verður að hafa í huga að Ísland virðist vera eina landið sem fer fram á innskráningu með rafrænum skilríkjum og gæti verið ákjósanlegt að horfa til fleiri lausna.

## 2. gr. c. Myndsímtal.

Í sumum tilvikum velur fólk að vera með samtal án myndar í rafrænum lausnum sem bjóða upp á myndsímtal. Til dæmis viðtöl sem fara fram án þess að kveikt sé á myndavél eða í gegnum síma. Slíkar útfærslur eru nýttar í fjarheilbrigðisþjónustu í samræmi við óskir þeirra sem fá þjónustuna.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið til að koma að frekari þróun fjarheilbrigðisþjónustu og er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagaráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður